

## GJALDSKRÁ

### velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks.

#### 1. gr.

##### *Upphæð gjalds.*

Fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks, þ.e. fyrir fasta ferð eða tilfallandi ferð, skal miðast við hálf tölmennt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Fargjald fyrir tilfallandi ferðir sem eru pantaðar samdægurs miðast við fullt gjald hjá Strætó bs., samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Fargjald fyrir aðra farþega er það sama og fyrir notanda, hvort sem um er að ræða fasta ferð eða tilfallandi ferð.

#### 2. gr.

##### *Gjaldskylda ónýttar þjónustu.*

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.

Afpanta skal ferð með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2024 og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1311/2022.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. nóvember 2023.*

**Dagur B. Eggertsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 29. nóvember 2023